

Landvarsla



Námsskrá

Maí 2017

Jón Björnsson

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	3
Forsendur náms.....	4
Lokamarkmið	5
Skipulag náms.....	6
Námsþættir og lýsingar	7
Kynning.....	7
Helstu störf landvarða	8
Náttúruvernd – grunnur og hugmyndafræði	9
Náttúruvernd – stjórnsýslan.....	10
Náttúruvernd – verkfærin okkar	11
Náttúrutúlkun.....	13
Verðmæti friðlýstra svæða – náttúra	15
Verðmæti friðlýstra svæða – menning og saga.....	16
Friðlýst svæði – virði og ástand	17
Loftlagsbreytingar	18
Gestir friðlýstra svæða	19
Mannleg samskipti	20
Vinnustaður landvarða – nánar um störf og hlutverk.....	21
Öryggismál.....	23
Grunnnám og ítarefni á vef	25
Undirbúningur landvarða að vinnu á einstökum svæðum.....	26
Endurmenntun	27

Forsíðumyndir

Uppi til vinstri. Landvarðarnámskeið í Skaftafelli 2012, Jón Björnsson

Uppi til hægri. Barnastund, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Niðri til vinstri. Gönguferð í Hljóðaklettum, Kristín Valdemarsdóttir

Niðri til hægri. Lifandi saga í Ásbyrgi, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Inngangur

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 80 gr. er fjallað um landverði. Þar segir meðal annars að landverðir starfi á náttúruverndarsvæðum og annist þar daglegan rekstur og umsjón í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun viðkomandi svæðis, sinni fræðslu og fari í eftirlit. Í lögnum segir jafnframt að Umhverfistofnun skuli halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð ráðherra um landverði. Í reglugerð er nánar kveðið á um menntun og starfsskyldur landvarða og annarra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Í reglugerð um landverði nr. 61/1990 er fjallað um starfsskyldur landvarða og taldir um helstu þættir sem leggja skuli áherslu á í nám landvarða. Reglugerðin er í endurskoðun.

Námskeið í landvörslu hafa verið haldin frá því skömmu eftir 1980. Lengi vel voru þau haldin annað hvert ár en eru nú haldin á hverju ári. Árið 2005 var ráðist í endurskoðun á efni námskeiðs fyrir landverði og 2007 var gerð námskrá fyrir námskeiðið sem endurskoðuð var 2012.

Árið 2014 hlaut Náttúrustofa Norðausturlands styrk frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar og Vinum Vatnajökuls til að vinna að verkefninu „Vefnámskeið fyrir landverði“. Verkefnið er unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Markmið verkefnisins var þróa og:

- Bjóða upp á fjölbreyttari námsaðferðir við nám landvarða og nýta betur kosti vefsins við námið.
- Styrkja nám landvarða og undirbúa landverði enn betur undir störf á fjölbreyttum friðlýstum svæðum Íslands.

Verkefninu var skipt upp í nokkra áfanga þar sem lokatakmarkið var m.a. að útbúa grunnnámskeið og námsefni á vefnum sem yrðu undanfari að staðarnámskeiði í landvörslu.

Í fyrsta áfanga var gerð könnun meðal yfirmanna landvarða og tekin viðtöl við nokkra þeirra. Niðurstöður könnunar voru nýttar til að setja saman hæfniskröfur fyrir landverði. Í öðrum áfanga var gerð könnun meðal landvarða og tekin viðtöl við nokkra þeirra. Niðurstöður hennar voru nýttar til að greina þarfir landvarða til menntunar með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra. Í könnunum var stuðst við eldri námsskrá þar sem yfirmenn voru beðnir að meta mikilvægi einstakra námsþátta og svara því hvort námskeiðið næði yfir alla þá þætti sem væri æskilegt að kenna. Einnig voru þeir beðnir að svara spurningum um hvernig undirbúningi landvarða væri háttað á hverju svæði. Landverðir voru spurðir að því hvernig einstakir námsþættir námskeiðsins hefðu nýst þeim í starfi og hvaða áherslur þeir myndu vilja sjá í ljósi starfsreynslu sinnar. Unnið var úr niðurstöðum fyrstu tveggja áfanganna og gerð breyting á námsskrá með hliðsjón af þeim. Það er sú námsskrá sem hér er lögð fram.

Í þriðja áfanga var gert ráð fyrir að útbúa grunnnámskeið og námsefni fyrir vefinn sem yrðu undanfari af staðarnámskeiði í landvörslu. Útbúin voru handritsdrög fyrir flest þeirra en fjármagn til verkefnisins hefur ekki leyft frekari vinnslu á því að svo stöddu.

Forsendur náms

Námsskrá þessi lýsir 110 klst. námi í landvörslu. Námskeiðið er haldið árlega en það á að tryggja að á hverju ári sé nóg framboð af hæfum landvörðum til starfa á friðlýstum svæðum. Námskeiðið tryggir ekki vinnu á friðlýstum svæðum en eykur möguleika á starfi.

Námskeiðið er opið þeim sem hafa náð 20 ára aldri (á árinu). Í auglýsingu um námskeiðið skal lýsa vel hlutverki og störfum landvarða. Lögð er áhersla á að ná til fólks sem hefur áhuga á útivist, náttúru og náttúruvernd en einnig að það hafi góða samskiptahæfni og ánægju af að vinna með fólki.

Í þessu námi eru nemendur á ýmsum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er liðið frá því að þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst og ekki er farið fram á inntökuþróf.

Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu nemenda og leiðbeinanda. Mat verður lagt á frammistöðu nemenda á námskeiðinu og þurfa nemendur að ljúka lágmarksárangri til að geta útskrifast. Námsmat verður skriflegt og gagnsætt og mat verður lagt á frammistöðu nemenda í hverjum námsþætti. Nemendur munu einnig leggja skriflegt mat á frammistöðu leiðbeinanda og aðstæður til náms.

Leiðbeinendur skulu hafa lokið námskeiði í landvörslu og hafa góða og víðtæka þekkingu og reynslu af landvörslu og öðrum störfum og starfsemi verndarsvæða. Mikilvægt er að í hópi leiðbeinanda séu bæði stjórnendur og landverðir frá þeim stofnunum sem hafa umsjón með verndarsvæðum. Einn af leiðbeinendum er umsjónarmaður námskeiðsins. Hann heldur utan um skipulagningu námskeiðsins og sér um sameiginleg samskipti við nemendur. Allir leiðbeinendur koma að skipulagi námskeiðsins á einhverjum tímapunkti.

Nemendur skulu fá góða þjónustu og kennslu. Námið á að vera nytsamt og gagnast nemendum, líka þeim sem ekki hyggja á starf við landvörslu. Áhersla er lögð á góðan aðbúnað og aðstöðu. Námsefni, framsetningu, námsaðferðir og framvindu þarf að sníða að forsendum fullorðinna nemenda.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast nemendum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna nemanda, reynslu hans og þekkingu, fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður nemenda til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig

að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja nemendur og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þarf framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt í því skyni að flestir finni námstækni og námshraða við sitt hæfi. Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreyttar námsaðferðir í staðarlotum eins og umræður, verklegar æfingar, dæmisögur með líflegum dæmum, vettvangsferðir, hlutverkaleiki og sýnikennslu. Stefna á að fækka fyrirlestrum eins og kostur en nýta þess í stað kosti vefmiðla við grunnám og undirbúning landvarða, t.d. með raunverulegum dæmum og sjálfsmati.

Námið á að koma til móts við síbreytilegt umhverfi og breyttar aðstæður í starfsumhverfi landvarða. Í námi landvarða er mikilvægt að leggja áherslu á mannleg samskipti og samskiptafærni landvarða með hvatningu leiðbeinanda, hópverkefnum og raunverulegum dæmum úr starfi landvarða. Einnig skal leggja áherslu á frumkvæði og sjálfstæði nemenda sem nýtist þeim í starfi. Sýna á nemendum þann mikla fjölbreytileika sem felst í starfi landvarða og taka fyrir margvísleg dæmi um störf landvarða á einstaka svæðum.

Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður

- þekki helstu störf landvarða og átti sig á að landverðir starfa víða og störf þeirra eru mikilvæg.
- geti tileinkað sér helstu störf landvarða á mismunandi starfssvæðum.
- kunni að afla sér upplýsinga og þekkingar um starfssvæði sín; s.s. vinnumhverfi, náttúru, menningu og sögu og geti miðlað þeirri þekkingu.
- sé fær um að vinna að náttúruvernd og geti útskýrt helstu þætti náttúruverndar fyrir gestum.
- þekki stöðu og hlutverk landvarða í stjórnsýslu náttúruverndar og umhverfismála.
- þekki helstu verkfæri sem notuð eru við stjórnun friðlýstra svæða á Íslandi, þekki hlutverk sitt og geti notað verkfærin í störfum á vettvangi.
- viti og geti fært rök fyrir því að góð upplýsingagjöf og fræðsla séu nauðsynleg við stjórnun friðlýstra svæða.
- hafi tileinkað sér aðferðir náttúrutúlkunar við fræðslu til gesta.
- þekki helstu verðmæti og gildi friðlýstra svæða og geti útskýrt sérstöðu þeirra fyrir gestum.

- þekki áhrif mismunandi landnotkunar og loftlagsbreytinga á friðlýst svæði.
- þekki mismunandi hópa gesta friðlýstra svæða, væntingar þeirra og þarfir.
- viti að góð samskipti eru forsenda að árangursríku starfi landvarða og hafi tileinkað sér góða samskiptafærni við störf sín.
- þekki sitt hlutverk sem fulltrúar stofnunar/stofnana.
- sýni traust og trúverðugleika í starfi sínu sem landverðir.
- þekki til öryggismála og allra ferla þeirra á friðlýstum svæðum.
- þekki sitt hlutverk og geti útskýrt ábyrgð sína varðandi öryggi gesta á friðlýstum svæðum.

Skipulag náms

Námið fer fram í samtals 110 klukkustundum. Námið er bæði kennt í staðarnámi og fjarnámi. Kennsla fer fram á kvöldin og um helgar á námskeiðstíma. Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum nemenda þungamiðja starfseminnar sem snýr að námi þeirra. Hann sér til þess að skörun námsþátta verið eins lítil og kostur er.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námsins né tilgang þess.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Klst.
Kynning	2
Helstu störf landvarða	3
Náttúruvernd – grunnur og hugmyndafræði	2
Náttúruvernd - stjórnsýslan	2
Náttúruvernd – verkfærin okkar	4
Náttúrutúlkun	48
Verðmæti friðlýstra svæða – náttúra	4
Verðmæti friðlýstra svæða – menning og saga	4
Friðlýst svæði – virði og ástand	4
Loftlagsbreytingar	4
Gestir friðlýstra svæða	2
Mannleg samskipti	8
Vinnustaður landvarða – nánar um störf og hlutverk	12
Öryggismál	8
Lok námskeiðs	3
Samtals	110 klukkustundir

Auk þess þurfa starfandi landverðir að hafa gilt skyndihjálparnámskeið.

Námsþættir og lýsingar

Kynning

Lengd	2 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none">- Þekki forsendur þessa náms, kröfur sem gerðar eru til nemenda, nemendahópsins, leiðbeinenda og námsaðstæðna.- Kunni að halda dagbók.- Kynnist hverjir öðrum.- Verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.
Námskeiðslýsing	<p>Námskeiðið kynnt nemendum og farið yfir námskrá og helstu þætti námskeiðsins.</p> <p>Einnig er farið yfir ýmsa praktíska þætti sem nemendur þurfa að hafa í huga á námskeiðinu. Meðal annars er farið yfir ábyrgð nemenda gagnvart umhverfismálum og umgengni á námskeiðinu s.s. umgengni um aðstöðu og hús og flokkun sorps.</p> <p>Losað er um spennu jafnframt því sem nemendur kynnast hverjir öðrum og umsjónarmanni námsins.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Kynning, umræður og einstaklingsvinna.</p> <p>Nemendur skrifa niður markmið sín og væntingar til þess að minna sig á eftir því sem fram vindur í náminu og bera saman við stöðu sína í lok náms.</p> <p>Nemendum afhent dagbókarform í upphafi sem þau eiga að halda út námskeiðið.</p> <p>Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu jafnframt því sem þeir kynnast.</p>
Námsefni	Námskrá og dagskrá námsins.
Námsmat	Staðarnemendur: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum. Fjarnemendur: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.

Helstu störf landvarða

Lengd	3 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Átti sig á mikilvægi landvarðastarfa, heima og erlendis. - Þekki helstu vinnuveitendur landvarða. - Átti sig á möguleikum þeim sem landvarðaréttindi opna þeim hjá ólíkum vinnuveitendum ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja. - Þekki þá ábyrgð sem landvarsla felur í sér gagnvart náttúru og öðrum verðmætum friðlýstra svæða, vinnuveitendum, gestum og heimamönnum. - Fái innsýn inn í þau fjölbreyttu störf sem landverðir sinna, áskoranir og óvæntar upptækur í starfi. - Átti sig á mikilvægi þess að þekkja sitt starfssvæði.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um störf landvarða á breiðum grundvelli með áherslu á að sýna þeim fjölbreytileikann í starfi þeirra.</p> <p>Fjallað er um vinnuveitendur landvarða, ólík starfssvæði, hlutverk og ábyrgð landvarða, áskoranir í starfi og óvæntar upptækur.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: Hlutverk og störf landvarða.</p> <p>Kynning leiðbeinanda, umræður, dæmi, dæmisögur, spurningar og verkefni.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glærur frá leiðbeinanda - Grunnnám á vef: Hlutverk og störf landvarða - Ítarefni á vef: Landverðir starfa víða og störf þeirra eru mikilvæg - Reglugerð um landverði, erindisbréf og starfslýsingar landvarða á einstökum svæðum. - Vefsvæði Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðgarðsins á Þingvöllum.
Námsmat	<p>Staðarnemendur: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemendur: Svar við innsögum í fyrirlestur og skil á stuttu verkefni.</p>

Náttúruvernd – grunnur og hugmyndafræði

Lengd	2 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki sögu og þróun náttúruverndar, heima og erlendis. - Þekki mikilvægi gagnrýnnar hugsunar í náttúruverndarmálum. - Þekki vanda náttúruverndar eins og mismunandi áherslur og hagsmuni, árekstra og umræðu í samfélaginu. - Þekki ýmis álita- og ágreiningsmál í þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um náttúruvernd, sögu og hugmyndafræði.</p> <p>Fjallað er um sjálfbæra þróun, sögu og hugmyndafræði og náttúruvernd og umhverfisvernd borin saman.</p> <p>Fjallað er um nauðsyn gagnrýnnar hugsunar í náttúruvernd. Einnig er fjallað um mismunandi hagsmuni og ýmis álita- og ágreiningsmál varðandi náttúruvernd og skoðað hvað helst er að gerast á sviði náttúruverndarmála í íslenski pólitík.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: <i>Náttúruvernd – grunnurinn að starfi landvarða.</i></p> <p>Kynning leiðbeinanda, umræður, dæmi af ágreiningsmálum innan friðlýstra svæða, spurningar og verkefni um málefni náttúruverndar.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glærur frá leiðbeinanda - Grunnnám á vef: <i>Náttúruvernd - grunnurinn að starfi landvarða</i> - Páll Líndal. Stríð og friður. Lesörk nr. 8 - Hvítbók í náttúruvernd, valdir kaflar - Ari Trausti Guðmundsson o.fl.. 2002. Grænskinna. Mál og menning. - Ari Trausti Guðmundsson. 2016. Veröld í vanda. Hið íslenska bókmenntafélag. - Lög og reglugerðir
Námsmat	<p>Staðarnemendur: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemendur: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Náttúruvernd – stjórnsýslan

Lengd	2 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki helstu stofnanir og hlutverk þeirra í stjórnsýslu náttúruverndarmála og friðlýstra svæða á Íslandi. - Þekki stöðu og hlutverk landvarða í náttúruvernd og umhverfismálum. - Geti útskýrt helstu flokka friðlýsinga á Íslandi, mismunandi markmið og stjórnun. - Þekki friðlýsingarflokka IUCN og hvernig Íslendingar hafa aðlagð sína flokka að þeim. - Átti sig á að Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð í náttúru- og umhverfisvernd.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um helstu stofnanir sem hafa með stjórnsýslu náttúruverndarmála að gera, hlutverk þeirra og ábyrgð.</p> <p>Fjallað er um hlutverk og stöðu landvarða í náttúruvernd og stjórnsýslu náttúruverndarmála.</p> <p>Fjallað er mismunandi flokka friðlýstra svæða á Íslandi og áherslur í stjórnun þeirra. Flokkar friðlýstra svæða á Íslandi eru bornir saman við friðlýsingarflokka IUCN og skoðað hvernig Íslendingar hafa nýtt sér kerfi IUCN við stjórnun friðlýstra svæða.</p> <p>Fjallað er stuttlega um alþjóðlega samninga og skuldbindingar sem Íslendingar eru aðilar að og helstu stefnur og markmið sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér í náttúruverndarmálum, þ.m.t. friðlýstum svæðum.</p> <p>Fjallað er um alþjóðsamstarf sem Íslendingar taka þátt í á sviði friðlýstra svæða.</p>
Náms og kennsluaðferðir	Kynning leiðbeinanda, umræður, dæmi, spurningar og verkefni er fjalla um mismunandi friðlýsingarflokka.
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glærur frá leiðbeinanda - <i>Samantekt um friðlýst svæði á Íslandi og stjórnsýslu þeirra.</i> (SSJ) - Ítarefni á vef: Ísland er ekki eyland í náttúruvernd - Lög og reglugerðir - Hvítbók í náttúruvernd, valdir kaflar - Vefsvæði sem vísað er til í samantekt.
Námsmat	<p>Staðarnemendur: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemendur: Svar við innslögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Náttúruvernd – verkfærin okkar

Lengd	4 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki helstu verkfæri sem notuð eru við stjórnun friðlýstra svæða á Íslandi, s.s. lög og reglur, samráð, verndaráætlanir, svæðaskiptingu, skipulag innviða, vöktun, upplýsingagjöf og fræðslu. - Þekki hlutverk sitt og geti notað verkfærin í störfum á vettvangi. Geti t.d. brugðist við óæskilegu ástandi og komið upplýsingum á framfæri til réttra aðila. - Þekki hlutverk og markmið almannaréttar í lögum um náttúruvernd.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um helstu ákvæði í lögum og reglugerðum sem snerta dagleg störf landvarða, s.s. almannarétt og ýmsar reglur um dvöl og umferð ferðamanna.</p> <p>Sérstaklega er farið yfir ákvæði um utanvegaakstur í lögum um náttúruvernd, hver þau eru, hverjar séu undanþágurnar og hver sé refsíðabyrgðin? Farið er yfir hlutverk landvarða og þá ferla sem fara af stað ef landvörður þarf að taka á utanvegaakstri, s.s. aðkoma, fyrstu viðbrögð, forvarnir og hlutverk annarra s.s. lögreglu.</p> <p>Fjallað er um annað ólöglegt athæfi á friðlýstum svæðum skv. lögum og reglum og tekin nokkur mismunandi en góð og raunhæf dæmi. Farið er yfir hlutverk landvarða, helstu ferla, viðbrögð og valdheimildir.</p> <p>Fjallað eru um stjórnunar- og verndaráætlanir; hvað eru stjórnunar- og verndaráætlanir, fyrir hverja eru þær og hvað gera þær? Hverjar hafa ígildi reglugerðar og hverjar ekki? Tekin eru dæmi um áætlanir einstakra svæða og tegunda, framkvæmd þeirra og hvernig þær snerta störf landvarða.</p> <p>Fjallað er um hvernig skipulag og uppbygging innviða eru notuð til að stjórna umferð gesta og hvernig einstaka verndaraðgerðir nýtast sem verkfæri í náttúruvernd. Sýnd margvísleg dæmi.</p> <p>Fjallað er um mikilvægi samráðs við stjórnun friðlýstra svæða.</p> <p>Fjallað er stuttlega um fræðslu og upplýsingagjöf sem stjórnunartæki.</p> <p>Fjallað er stuttlega um áhrif ferðaþjónustu og annarrar landnotkunar á náttúru- og menningarminjar og farið yfir þau verkfæri sem notuð eru til að fylgjast með breytingum og ástandi svæða og hvernig hægt er að bregðast við; t.d. að rannsaka þolmörk svæða, setja viðmið um mörk ásættanlegra breytinga, vöktun, viðhorfskannanir og skráning (gagnagrunnar, dagbók, skýrslur). Áhersla er lögð á að landverðir miðli upplýsingum um ástand til yfirmanna og komi með tillögur að úrbótum.</p>

<p>Náms- og kennsluaðferðir</p>	<p>Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> Grunnnám á vef: <i>Verkfærin okkur, hver eru þau og hvernig notum við þau?</i></p> <p>Kynning leiðbeinenda, fjölbreytt dæmi og dæmisögur til að útskýra helstu hlutverk og verkfæri landvarða við utanvegaakstri og öðru ólöglegu athæfi. Einnig farið yfir dæmi um hvernig stjórnunar- og verndaráætlanir, skipulag, samráð, fræðsla og vöktun eru notuð sem verkfæri. Áhersla er lögð á umræður, spurningar og verkefni/lausnaleiki þar sem notast er við raunveruleg dæmi.</p>
<p>Námsefni</p>	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða</i> - Grunnefni á vef: <i>Verkfærin okkar.</i> - Náttúruverndarlög - Reglugerð um akstur utan vega - UVA; fyrstu viðbrögð, gátlisti, tilkynningarblað
<p>Námsmat</p>	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum. Fjarnemar: Svar við innslögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Náttúrutúlkun

Lengd	48 klst.
<p>Námsmarkmið</p> <p>Að nemendur:</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Geti fært rök fyrir mikilvægi góðrar upplýsingagjafar til gesta og kunni að leita upplýsinga og miðla þeim til gesta. - Geti fært rök fyrir mikilvægi náttúrutúlkunar fyrir gesti og við stjórnun friðlýstra svæða. - Þekki helstu miðla sem notaðir eru við náttúrutúlkun og geti lagt mat á helstu kosti þeirra og galla. - Geti útskýrt hvað náttúrutúlkun er. - Hafi tileinkað sér helstu aðferðir náttúrutúlkunar. - Skilji að landverðir þurfa að þekkja verðmæti svæðisins vel, þekkja gesti svæðisins vel og velja hentugar aðferðir við skipulagningu og framkvæmd fræðslu og upplýsingamiðlunar. - Geti notað heimildir og hjálpargögn við undirbúning og framkvæmd fræðslu. - Geti undirbúið, skipulagt og framkvæmt stutta gönguferð þar sem aðferðum náttúrutúlkunar er beitt. - Geti talað blaðlaust fyrir framan gesti. - Geti skipulagt gönguferð með þarfir og öryggi gesta í huga. - Geti veitt gestum fyrsta flokks þjónustu og fræðslu innan veggja gestastofa og þekki grundvallaratriði við móttöku gesta í gestastofum.
<p>Námskeiðslýsing</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað er um mikilvægi upplýsingagjafar og náttúrutúlkunar við stjórnun friðlýstra svæða. Lögð er áhersla á mikilvægi náttúrutúlkunar sem aðferðafræði og gildi hennar fyrir gesti friðlýstra svæða. - Fjallað er um þá fræðslu sem stunduð er úti á friðlýstum svæðum í dag og sýnd dæmi um mismunandi miðla sem notaðir eru; s.s. gönguferðir, fræðslustíga (gestagötur), gestastofur, bæklinga og fleira. Farið yfir helstu kosti og galla ólíkra miðla. - Fjallað er um sögu, hugmyndafræði og skilgreiningar náttúrutúlkunar. Lögð er áhersla á að náttúrutúlkun myndi tengsl milli gesta og umhverfis. - Fjallað er um hlutverk og ábyrgð landvarða út frá „jöfnu landvarðarins“; sem gengur út á landverðir þurfa að þekkja verðmæti svæðisins vel, þekkja gesti svæðisins vel og nota réttu aðferðirnar við náttúrutúlkun. - Fjallað er um helstu grundvallaratriði náttúrutúlkunar og mismunandi aðferðir sem notaðar eru við náttúrutúlkun. Sérstök áhersla er lögð á að öll náttúrutúlkun sé skipulögð í kringum rauðan þráð og feli í sér skilaboð. - Farið er yfir samskipti og tjáningu í náttúrutúlkun með áherslu á að nemendur geti talað blaðlaust fyrir framan gesti. - Fjallað er um tilgang og markmið gestastofa og sýnd dæmi frá gestastofum friðlýstra svæða. Lögð er áhersla á að við móttöku gesta sé veitt fyrsta flokks þjónusta með hliðsjón af þörfum gesta þar sem starfsfólk sýnir faglega ímynd, faglega hegðun og á áhrifarík samskipti við gesti. Nemendur leysa verkefni um gestastofur.

	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað er um hagnýta þætti við undirbúning, skipulag og framkvæmd gönguferða, m.a. öryggismál. Nemendur undirbúa, skipuleggja og framkvæma stutta gönguferð á vettvangi. - Lögð er áhersla á að nemendur noti aðferðir náttúrutúlkunar í öllum verkefnum á vettvangi.
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> Grunnnám á vef: <i>Náttúrutúlkun, grunnur.</i></p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinanda. Umræður, leikir, spurningar, dæmi, sýnikennsla, vettvangsferð, skrifleg verkefni og verklegar æfingar.</p> <p>Samhliða fyrirlestrum og kynningum leiðbeinanda vinna nemendur verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni, skrifleg og verkleg, inni og úti.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnefni á vef: <i>Náttúrutúlkun, grunnur.</i> - Glærur frá leiðbeinanda. - Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir. 2011. <i>Náttúrutúlkun. Handbók.</i> Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. - Ferðamálastofa, 2014. <i>Upplýsingamiðstöðvar – Leiðbeiningarit fyrir starfsfólk.</i> - Ýmsar bækur og rit við undirbúning og skil verkefna.
Námsmat	<p>Allir nemendur: Öll kennslan fer fram í staðarlotum. Mæting í fyrirlestra og þátttaka í umræðum, sýnikennslu, vettvangsferð og skriflegum og verklegum verkefnum.</p>

Verðmæti friðlýstra svæða – náttúra

Lengd	4 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Fá innsýn inn í uppruna, einkenni og sérstöðu íslenska lífríkisins. - Þekki helstu náttúruminjar friðlýstra svæða, sérstöðu þeirra og verndargildi. - Þekki sérstaklega sérstöðu og verndargildi miðhálandisins. - Geti greint náttúrufarslega sérstöðu svæða og miðlað henni til gesta. - Geti útskýrt fyrir gestum af hverju einstök svæði eru friðlýst vegna náttúrufars.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um náttúrufarslega sérstöðu Íslands með áherslu á jarðfræði, vistfræði og sérstöðu íslenska lífríkisins.</p> <p>Fjallað er um helstu verðmæti í náttúru Íslands og tekin dæmi um það hvernig þau verðmæti eru varðveitt innan friðlýstra svæða. Tekin eru dæmi um mismunandi flokka friðlýstra svæða og mismunandi markmið friðlýsingar. Lögð er áhersla á að landverðir þekki helstu náttúrufarslegu verðmæti friðlýstra svæða og sérstöðu þeirra og geti notað þá sérstöðu í miðlun til gesta.</p>
Náms- og kennsluáferðir	Fyrirlestrar og kynning leiðbeinenda, umræður, spurningar, dæmi og verkefni.
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glærur frá leiðbeinanda. - Ítarefni á vef: <i>Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin?</i> - Vefsvæði Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og þjóðgarðsins á Þingvöllum.
Námsmat	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemar: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Verðmæti friðlýstra svæða – menning og saga

Lengd	4 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki helstu menningarminjar friðlýstra svæða (áþreifanlegar sem óáþreifanlegar), sérstöðu þeirra og verndargildi. - Geti greint menningarlega sérstöðu svæða og miðlað henni til gesta. - Geti útskýrt fyrir gestum af hverju einstök svæði eru friðlýst vegna menningar og sögu. - Skilji tengsl og áhrif náttúru á menningu og samfélag.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um ólíkar menningarminjar innan sem utan friðlýstra svæða og verndargildi þeirra. Tekin eru dæmi um hvernig menningarminjar eru varðveittar innan friðlýstra svæða og innan mismunandi flokka friðlýstra svæða. Lögð er áhersla á að landverðir þekki helstu menningarverðmæti friðlýstra svæða og sérstöðu þeirra og geti notað þá sérstöðu í miðlun til gesta.</p> <p>Fjallað er um tengsl náttúru, menningar og sögu.</p> <p>Fjallað er um náttúrusýn fyrr og nú.</p>
Náms og kennsluaðferðir	Fyrirlestrar og kynning leiðbeinanda, umræður, spurningar, dæmi og verkefni.
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glærur frá leiðbeinanda. - <i>Menningarminjar</i> – samantekt frá leiðbeinanda. - Hallgerður Gísladóttir 2007. <i>Eldamennska í íslensku torfbæjunum</i>. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga V, 2. útgáfa. - Ítarefni á vef: <i>Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin?</i> - Vefsvæði Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum.
Námsmat	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemar: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Friðlýst svæði – virði og ástand

Lengd	4 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki og skilji mismunandi virði/gildi náttúru- og menningarverðmæta friðlýstra svæða fyrir ýmsa þætti og ýmsa aðila, þ.m.t. gesti friðlýstra svæða. - Þekki jákvæð og neikvæð áhrif ferðaþjónustu og annarrar landnotkunar á náttúru- og menningarminjar. Lögð er áhersla á að landverðir viti til hvaða verndarráðstafana þarf að grípa. - Geti greint styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri friðlýstra svæða.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um mismunandi virði/gildi verðmæta friðlýstra svæða fyrir ýmsa þætti og ýmsa aðila, s.s. náttúruvernd, vistkerfajónustu, vísindi, fræðslu, útivist, ferðaþjónustu, fegurð, heilsu og fleira. Er alltaf hægt að meta virði verðmætanna og þá hvernig?</p> <p>Fjallað er um helstu notendur friðlýstra svæða og það álag sem þeir valda. Hvaða áhrif hefur ferðaþjónusta, landbúnaður og iðnaður á verðmæti friðlýstra svæða? Tekin eru dæmi um áhrif landnotkunar á einstök svæði og hvað er gert til að sporna við neikvæðum afleiðingum. Fjallað er sérstaklega um hlutverk landvarða.</p> <p>Fjallað er um ótakmörkuð og takmörkuð verðmæti. Hvað er hægt að gera þegar verðmæti friðlýstra svæða eru takmörkuð?</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: Hlutverk og störf landvarða.</p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinanda, umræður, spurningar, dæmi, dæmisögur og verkefni.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnefni á vef: Hlutverk og störf landvarða. - Glærur frá leiðbeinanda. - Ítarefni á vef: Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin? - Umhverfisstofnun 2016. <i>Ástand friðlýstra svæða</i> - Umhverfisstofnun 2014. <i>Rauði listinn – svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.</i>
Námsmat	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemar: Svar við innslögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Loftlagsbreytingar

Lengd	4 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Viti hvað loftlagsbreytingar eru og þekki áhrif þeirra á friðlýst svæði á Íslandi. - Viti hvað almenningur getur lagt af mörkum til að sporna gegn þeim og geti miðlað þeirri þekkingu til gesta. - Geti miðlað málefnum líðandi stundar til gesta, s.s. áhrifum loftlagsbreytinga.
Námskeiðslýsing	<p>Farið er yfir hvað eru loftlagsbreytingar og fjallað um áhrif þeirra á náttúrufar og menningarverðmæti friðlýstra svæða á Íslandi.</p> <p>Fjallað er um það sem almenningur getur gert til að sporna gegn loftlagsbreytingum og draga úr áhrifum þeirra. Vistspor mannsins og áhrif þess á umhverfi, lífríki og loftslag.</p> <p>Lögð er áhersla á að landverðir geti miðlað vitneskju um loftlagsbreytingar og áhrif þeirra til gesta.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: Hlutverk og störf landvarða.</p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinanda, umræður, spurningar, dæmi, dæmisögur og verkefni.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnám á vef: Hlutverk og störf landvarða. - Glærur frá leiðbeinanda. - Ítarefni á vef: Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin?
Námsmat	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemar: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Gestir friðlýstra svæða

Lengd	2 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki hugtök sjálfbærrar ferðamennsku og geta útskýrt efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif ferðamennsku. Þekki hugtakið þolmörk. - Þekki mismunandi hópa gesta og þarfir þeirra á friðlýstum svæðum. - Þekki þjónustuhlutverk landvarða innan friðlýstra svæða og helstu störf sem því fylgja. - Hafi innsýn í ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum, þróun hennar, stöðu og framtíðarhorfur og geti greint þá hagsmunaðila sem veita gestum friðlýstra svæða þjónustu. - Geti útskýrt virði friðlýstra svæða fyrir gesti og ferðaþjónustu.
Námskeiðslýsing	<p>Farið er yfir hugtök sjálfbærrar (náttúru) ferðamennsku og efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif ferðaþjónustu. Farið er yfir hugtakið þolmörk; umhverfi, innviðir og félagslegir þættir.</p> <p>Fjallað er um mismunandi hópa gesta á friðlýstum svæðum. Af hverju heimsækja gestir friðlýst svæði, hverjar eru væntingar og þarfir þeirra?</p> <p>Farið yfir og skoðuð dæmi um ýmsa þá þjónustu sem umsjónaraðilar friðlýstra svæða veita á friðlýstum svæðum. Fjallað um hlutverk landvarða við móttöku gesta, upplýsingagjöf, fræðslu, uppbyggingu og viðhald innviða.</p> <p>Fjallað er um þróun ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum, stöðu hennar og framtíðarhorfur. Fjallað er um mismunandi hagsmunaaðila sem veita þjónustu á og við friðlýst svæði, s.s. landeigendur, ferðaþjónustuaðila, ferðafélög og fleiri. Farið er yfir samstarf, samskipti og leyfisveitingar. Tekin eru dæmi um ólíka starfsemi fyrirtækja innan friðlýstra svæða. Fjallað er um virði friðlýstra svæða fyrir gesti og ferðaþjónustu. Hvernig geta friðlýst svæði ýtt undir sjálfbærni í ferðaþjónustu, hvað eru þau að gera í dag og hvað geta þau gert?</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i></p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinenda, umræður, spurningar, dæmi, dæmisögur og verkefni.</p>
Námsefni	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> - Ítarefni á vef: <i>Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin?</i> - Glærur frá leiðbeinanda.
Námsmat	<p>Staðarnemar: Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum.</p> <p>Fjarnemar: Svar við innsögum í fyrirlestrum og skil á stuttu verkefni.</p>

Mannleg samskipti

Lengd	8 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Viti hvað einkennir góða sjálfsmynd. - Þekki helstu hindranir í samskiptum og hvernig megi bæta þau. - Hafi stjórn á gjörðum sínum. - Þekki sitt hlutverk sem fulltrúar stofnunar. - Viti að landvarsla snýst meira og minna um samskipti. - Geti greint helstu hagsmunaaðila friðlýstra svæða og þekki hlutverk sitt í samstarfi og samskiptum við hagsmunaaðila. - Taki á móti gestum friðlýstra svæða með jákvæðum huga og kurteisi. - Geti útskýrt markmið verndunar og einstakra verndaraðgerða. - Geti útskýrt mismunandi sjónarmið.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um góðan vinnustað og líðan í vinnunni, s.s. sjálfsmynd, hrós, ágreining, boðskipti, hindranir í samskiptum og framkomu. Einnig er fjallað um hvernig tekið er á einelti og áreitni á vinnustað.</p> <p>Fjallað er um samskipti og mikilvægi samskipta í landvörslu en starf landvarða snýst meira og minna um samskipti. Sérstök áhersla er lögð á að landverðir taki frumkvæði að samskiptum við gesti, landeigendur og ýmsa hagsmunaaðila. Tekin dæmi úr vegalandvörslu á hálendinu þar sem landverðir þjálfuðu sig í að eiga frumkvæði að samskiptum við gesti.</p> <p>Fjallað er sérstaklega um erfið samskipti. Hvernig erum við sjálf í samskiptum og hvernig bregðast landverðir við í erfiðum samskiptum? Hvernig getur landvörður látið búninginn taka erfiðu hlutina og haldið sinni persónu fyrir utan? Fjallað er um mikilvægi þess að landverðir sýni góða framkomu og þjónustulund. Sérstök áhersla er á að landverðir taki á móti gestum með jákvæðum huga og sýni kurteisi. Farið verður yfir mikilvægi þess að viðhalda þjónustulund (þrátt fyrir mikið álag), t.d. í gestastofum.</p> <p>Sérstök áhersla er á að finna lausnir í álita- og ágreiningsmálum sem geta komið upp á friðlýstum svæðum. Tekin dæmi og sagðar dæmisögur um margvísleg málefni þar sem dæmisögur eru krufðar ofan í kjölinn.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða</i>.</p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinenda, umræður, spurningar, dæmi og dæmisögur. Sjálfsmat nemenda, lausna- og hlutverkaleikir, verkefni og verklegar æfingar.</p>
Kennslugögn	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða</i> - Glærur frá leiðbeinanda.
Námsmat	Mæting og þátttaka í umræðum og verkefnum

Vinnustaður landvarða – nánar um störf og hlutverk

Lengd	12 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki mismunandi starfssvæði og starfsstöðvar landvarða. - Viti að starf og aðstaða landvarða er mismunandi milli starfsstöðva. - Verði meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart samstarfsfólki og sambýlingum á vinnustað og þekki þá ábyrgð sem þeir hafa varðandi umgengni við húsnæði, búnað og tæki á friðlýstum svæðum. - Viti að landverðir þurfa að hafa sjálfstraust og sýna sjálfstæði og frumkvæði í störfum sínum. - Verði meðvitaðir um að sýna traust og trúverðugleika með sýnileika og framkomu sinni. - Séu fyrirmyndir í umgengni á friðlýstum svæðum og sýni ábyrgð í umhverfinu. - Hafi innsýn í mismunandi vinnuskipulag eftir ólíkum svæðum. - Þekki fjölbreytt störf og hlutverk landvarða, s.s. gagnvart sjálfboðaliðum, gagnaöflun, skráningu, upplýsingaöflun til ferðamanna og fleira og fleira. - Þekki hlutverk og störf sjálfboðaliða á friðlýstum svæðum og mikilvægi þeirra starfa fyrir svæðin. - Þekki og fari eftir helstu stefnum og áætlunum stofnana sinna á friðlýstum svæðum. - Þekki nauðsynlega innviði, umhirðu þeirra, eftirlit og viðhald. - Geti komið með lausnir vegna ástands eða skipulags innviða. - Kunni að afla sér upplýsinga og þekkingar um starfssvæði sín; s.s. vinnuumhverfi, náttúru, menningu og sögu.
Námskeiðslýsing	<p>Heilt yfir er fjallað um mismunandi starfssvæði og starfsstöðvar landvarða, s.s. þjóðgarða, friðlönd, hálandislandvörslu, svæðalandvörslu og einmenningssvæði og hvernig aðstaða landvarða er mismunandi á starfsstöðum. Tekin eru fjölbreytt dæmi frá ólíkum starfssvæðum.</p> <p>Fjallað er um samstarf á vinnustað. Hvernig er að vinna í hópi en ekki sem einstaklingar og hvernig má byggja upp góð samskipti og gott upplýsingaflæði milli starfsmanna á vinnustað. Tekin dæmi frá starfssvæðum.</p> <p>Fjallað er um samskipti og sambýli starfsmanna á starfsstöðvum og þau vandamál sem upp geta komið. Farið er yfir umgengni landvarða um húsnæði, búnað og tæki og tekin dæmi um umgengnisreglur á vinnustöðum.</p> <p>Fjallað er um landvörð sem starfsmann sem sýnir sjálfstraust, sjálfstæði, hefur frumkvæði að verkefnum og lausnum þeirra. Tekin dæmi.</p> <p>Fjallað er um landvörð sem fyrirmynd; einkennisfatnaður, vinnuföt og sýnileiki landvarða. Lögð er áhersla á að landvörður sé traustur og sýni trúverðugleika gagnvart vinnuveitanda og gestum svæðisins, t.d. varðandi framkomu og</p>

	<p>umgengni. Farið er sérstaklega yfir ábyrgð landvarða gagnvart því að tjá sig opinberlega, t.d. á facebook eða í fjölmiðlum. Tekin dæmi um reglur á vinnustöðum.</p> <p>Fjallað er um ábyrgð landvarða gagnvart umhverfismálum. Farið yfir áhrif efna, úrgangs og neyslu á umhverfið og hvernig landverðir geta lagt sitt af mörkun með flokkun úrgangs, notkun efna, innkaup og fleira.</p> <p>Fjallað er um mismunandi störf og hlutverk landvarða og farið yfir vinnuskipulag og vaktafyrirkomulag einstakra svæða, praktísk dæmi skoðuð og farið yfir ýmis úrlausnarefni sem bíða landvarða. Dagbækur, vaktaplön og vinnuskipulag frá ólíkum svæðum skoðuð. Farið yfir hlutverk landvarða gagnvart sjálfbóðaliðum, gagnaöflun, skráningu, upplýsingaöflun til ferðamanna og fleira og fleira.</p> <p>Farið er yfir mismunandi stefnur og áætlanir vinnustaða sem landverðir gætu þurft að kunna skil á í sínu starfi, s.s. umhverfisstefnur, Vakinn, Öryggisáætlanir, starfsmannahandbækur og fleira.</p> <p>Farið verður í vettvangsferð þar sem þau fá kynningu á verklegum störfum landvarða ásamt því að þurfa greina ýmis úrlausnarefni varðandi skipulag, innviði, viðhald, stígagerð, upplýsingagjöf og fræðslu. Áhersla er lögð á að landverðir greini viðhaldsþörf, þekki hlutverk sitt í viðhaldi og geti komið með lausnir að vandamálum.</p> <p>Nemendur munu útbúa gátlista um þau fjölmörgu atriði sem þeir gætu þurft að kunna skil á í starfi en listinn mun nýtast þeim þegar þeir hefja störf á nýju starfssvæði.</p>
<p>Náms- og kennsluaðferðir</p>	<p>Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> Grunnnám á vef: <i>Verkfærin okkur, hver eru þau og hvernig notum við þau?</i></p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinenda, umræður, spurningar, dæmi, dæmisögur, verkefni og verklegar æfingar. Farið í vettvangsferð á friðlýst svæði.</p>
<p>Kennslugögn</p>	<p>T.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Grunnnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> - Grunnnám á vef: <i>Verkfærin okkur, hver eru þau og hvernig notum við þau?</i> - Glærur frá leiðbeinanda. - Dæmi um umgengnisreglur, vinnuskipulag, vaktaplön og dagbækur. - Dæmi um stefnur og áætlanir vinnustaða.
<p>Námsmat</p>	<p>Mæting og þátttaka í umræðum, vettvangsferð og verkefnum</p>

Öryggismál

Lengd	8 klst.
Námsmarkmið Að nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki stefnu stjórnvalda varðandi öryggismál ferðamannastaða í náttúru Íslands. - Viti hverjir bera ábyrgð á öryggismálum ferðamannastaða innan friðlýstra svæða. - Þekki hlutverk öryggisáætlana á friðlýstum svæðum. - Hafi innsýn í gerð öryggisáætlana fyrir friðlýst svæði. - Þekki til helstu viðbragðsaðila (neyðaraðila) sem koma að málum ef vá ber að höndum, s.s. Almannavarnir, Neyðarlínan, björgunarsveitir, Landhelgisgæslan og hálendisvakt Landsbjargar. - Þekki þá ferla sem fara af stað þegar vá ber að höndum á friðlýstum svæðum og hlutverk landvarða í þeim ferlum. - Geti útskýrt ábyrgð og hlutverk landvarða varðandi öryggismál friðlýstra svæða s.s.; í áhættugreiningu, forvörnum, viðbrögðum, búnaði, þekkingu á svæði, samstarfi og fleira. - Geti hugað að eigin öryggi og geti notað þau fjarskiptatæki sem notuð eru á starfssvæðum.
Námskeiðslýsing	<p>Fjallað er um öryggismál á ferðamannastöðum á Íslandi. Farið er yfir hverjir bera ábyrgð á öryggi ferðamannastaða í náttúru Íslands, innan sem utan friðlýstra svæða; stefna stjórnvalda, umsjón og framkvæmd öryggismála.</p> <p>Fjallað er um gerð öryggisáætlana þar sem sérstaklega er farið yfir gerð áætlana fyrir friðlýst svæði; áhættugreining, forvarnar-, viðbragðs- og æfingaráætlanir. Farið yfir og sýnd dæmi um öryggisáætlun friðlýsts svæðis.</p> <p>Fjallað er um helstu viðbragðsaðila (neyðaraðila) ef vá ber að höndum og þá ferla sem fara af stað við slíkar aðstæður. Nemendur fá innsýn í leit og björgun, samskipti við björgunaraðila, móttöku þyrlu o.fl. en kynning verður á starfsemi þeirra aðila. Jafnframt er kynning á Safe Travel og starfsemi Landsbjargar.</p> <p>Fjallað er um hlutverk og aðkomu landvarða að öryggismálum eigin svæða; s.s. öryggisáætlanir, öryggisbúnað, þekkingu á svæði, samstarfsaðila, viðbrögð við slysum og fleira.</p> <p>Fjallað er um eigið öryggi landvarða með sérstakri áherslu á einmennings- og hálendissvæði.</p> <p>Fjallað er um fjarskipti og helstu fjarskiptakerfi við landvörslu.</p>
Náms- og kennsluaðferðir	<p>Grunnnám á vef: Hlutverk og störf landvarða.</p> <p>Fyrirlestrar og kynning leiðbeinenda, umræður, spurningar, dæmi, dæmisögur og verkefni. Farið í vettvangsferð í Neyðarlínuna og Landhelgisgæsluna.</p>

Kennslugögn	T.d.: <ul style="list-style-type: none"> - Grunnám á vef: <i>Hlutverk og störf landvarða.</i> - Glærur frá leiðbeinanda. - Dæmi um öryggisáætlun. - Ýmis gögn s.s. atvikaskýrsla, EMD kort, Vakinn, vöktun og varsla á miðhálandinu, öryggi á ferðamannastöðum og öryggismál ferðaskipuleggjanda.
Námsmat	Mæting og þátttaka í umræðum, vettvangsferð og verkefnum.

Grunnnám og ítarefni á vef

Gerð er tillaga um fjögur stutt gagnvirk vefnámskeið en búið er að útbúa gróf drög að þremur þeirra. Einnig er gerð tillaga að námsefni/ítarefni á vef sem nýtist einstökum þáttum námskeiðsins og er einnig búið að útbúa gróf drög að þeim.

Stutt gagnvirk vefnámskeið verði um:

1. Hlutverk og störf landvarða.

Hér yrði fjallað um störf landvarða á breiðum grunni og tekin margvísleg dæmi um mismunandi störf. Notast yrði við dæmisögur frá landvörðum og myndir og örvídeó af þeim við störf. Þetta nýtist sem grunnur fyrir alla hluta námskeiðsins þar sem fjallað er almennt um störf landvarða.

2. Náttúruvernd – grunnurinn að starfi landvarða.

Sögu og hugmyndafræði náttúruverndar yrði gerð skil í þessum hluta. Hér yrði einnig fjallað um hlutverk og ábyrgð helstu stofnana í náttúruvernd og stjórnun friðlýstra svæða ásamt því að fjallað yrði um hlutverk almennings og félagasamtaka í náttúruvernd á Íslandi. Einnig yrði farið yfir mismunandi flokka friðlýstra svæða á Íslandi og friðlýsingaferli gerð skil.

3. Verkfærin okkar – hver eru þau og hvernig notum við þau.

Í þessum hluta yrði fjallað um helstu verkfæri í náttúruvernd og stjórnun friðlýstra svæða. Fjallað yrði um beinar, leiðbeinandi og óbeinar aðgerðir. Beinar aðgerðir eru helstu lög og reglugerðir, almannaréttur og verndaráætlanir. Leiðbeinandi aðgerðir eru skipulag, innviðir og einstaka verndaraðgerðir. Óbeinar aðgerðir eru fræðsla og upplýsingagjöf. Einnig yrði fjallað um vöktun sem mikilvæga undirstöðu fyrir ákvarðanatöku í stjórnun friðlýstra svæða. Tekin yrðu praktísk dæmi með myndum og örvídeóum.

4. Náttúrutúlkun – grunnur.

Helstu grunnatriðum yrðu gerð skil á vefnum ásamt því að notast væri við handbók í náttúrutúlkun. Má þar nefna upphaf og saga náttúrutúlkunar, hugmyndafræði og skilgreiningar ásamt grundvallaratriðum og mismunandi aðferðum. Einnig yrði farið yfir notkun ólíkra miðla í náttúrutúlkun. Tekin eru dæmi og sýndar myndir/örvídeó.

Ítarefni á vef fyrir einstaka hluta/þætti námskeiðsins verði um:

1. Landverðir starfa víða og störf þeirra eru mikilvæg.

Hér yrði fjallað um sögu landvörslu í heiminum og alþjóðasamtök landvarða IRF kynnt. Einnig yrði farið yfir sögu landvörslu á Íslandi. Ýmsir tenglar.

2. Ísland er ekki eyland í náttúruvernd.

Í þessum hluta yrði farið yfir helstu alþjóðlega samninga og skuldbindingar Íslendinga í náttúruvernd og stefnur og markmið íslenskra stjórnvalda sem komu í kjölfarið. Einnig yrði fjallað um erlent samstarf og IUCN flokka friðlýstra svæða.

3. Friðlýstu svæðin okkar, hvað er svona merkilegt við þau, fyrir hverja eru þau og hvaða áhrif hefur landnotkun á svæðin?

Hér yrði fjallað um friðlýst svæði á Íslandi út frá þeirri sérstöðu sem þau varðveita í náttúru og menningu. Tekin yrðu dæmi um svæði og sérstöðu þeirra. Einnig yrði fjallað um helstu notendur friðlýstra svæða og gildi svæðanna fyrir mismunandi hópa. Fjallað yrði um aðráttarafl náttúru og þróun ferðamennsku og afþreyingar á friðlýstum svæðum. T.d. með því að vísa í rannsóknir og tölulegar upplýsingar um fjölgun ferðamanna á Íslandi og einstökum friðlýstum svæðum. Fjallað yrði um áhrif ferðabjónustu og annarrar landnotkunar á friðlýst svæði og verðmæti þeirra. Einnig yrði sérstaklega fjallað um loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á friðlýst svæði.

Undirbúningur landvarða að vinnu á einstökum svæðum

Í könnunum og viðtölum kom fram nauðsyn þess að undirbúa landverði betur undir störf á einstökum svæðum. Til að koma til móts við það eru einstakir þættir námskeiðsins tengdir betur við einstök svæði og fleiri dæmi sýnd frá svæðunum. Helstu atriðin sem viðmælendur töldu að þörf væri á að undirbúa landverði betur fyrir á einstökum svæðum eru þessi:

Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála

- Stjórnfyrirkomulag svæðisins.
- Lög og reglugerðir fyrir viðkomandi svæði. Hvernig er lögum og reglum fylgt eftir á svæðinu, t.d. varðandi utanvegaakstur.
- Stjórnun og verndun svæðisins. Stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir viðkomandi svæði. Hvernig er verndaráætlun framfylgt? Svæðaskipting, skilmálar og fleira sem skipta máli í daglegum störfum landvarða.

Náttúrutúlkun

- Skipulag, undirbúningur og framkvæmd dagskrár.
- Staðbundin þjálfun í náttúrutúlkun. Áherslur svæðisins (fræðsluáætlun) og áherslur dagskrár.

Verðmæti friðlýstra svæða; náttúra, menning og saga.

- Forsenda og markmið friðunar. Af hverju var þetta svæði friðlýst?
- Náttúra svæðisins. Hver er sérstaða svæðisins hvað náttúru þess varðar, hver eru helstu verðmætin og hvað er gert til að vernda þau? Eru einhverjar hættur sem steðja að sérstöðunni og verðmætum svæðisins?
- Menningarminjar og saga. Hver er sérstaða svæðisins hvað menningu og sögu varðar, hver eru helstu verðmætin og hvað er gert til að vernda þau? Eru einhverjar hættur sem steðja að menningarminjum svæðisins?

Flestir töldu að staðþekking á náttúru, menningu og sögu væru mikilvægustu atriðin sem þyrfti að koma til skila til landvarða áður en þeir hæfu vinnu á viðkomandi svæði.

Gestir friðlýstra svæða; þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar.

- Hvaða gestir heimsækja viðkomandi svæði? Fjöldi, helstu hópar, þarfir og væntingar.
- Hvaða þjónusta er til staðar á svæðinu? Hvernig eru ferðaleiðirnar um það, hvernig er aðgengið, hvar og hvernig eru veittar upplýsingar og hvaða önnur þjónusta er veitt?
- Hvert er hlutverk landvarða í móttöku gesta á viðkomandi svæði?

- Samskipti við gesti, landeigendur, heimamenn og ýmsa hagsmunaaðila. Hverjir eru helstu markhópar á viðkomandi svæði? Við hverja eiga landverðir mest samskipti? Eru árekstrar og hver eru erfiðustu samskiptin?

Vinnustaðurinn

- Hver eru helstu störf landvarða á viðkomandi svæði; vinnuskipulag, áætlanir og þess háttar?
- Þjálfun í ýmsum störfum; aka jeppa, nota fjarskiptatæki, náttúrutúlkun, rötun (GPS og kortalestur) og ýmsir verklegir þættir.
- Umhverfisstefna og umhverfismál viðkomandi svæðis.
- Staðþekking/landfræðiþekking á viðkomandi svæði eins og leiðir og örnefni.
- Verkefnabók – gátlisti.

Öryggismál

- Öryggisáætlanir viðkomandi svæða. Forvarnir, viðbrögð og ferlar.
- Að þekkja svæðið sitt, björgunarleiðir, björgunarbúnað og fleira.

Endurmenntun

Í ljósi niðurstaðna úr fyrsta og öðrum áfanga verkefnisins er lagt til að haldin verði endurmenntunarnámskeið fyrir landverði og heilsársstarfsmenn friðlýstra svæða. Lagt er til að sótt verði um styrki hjá Ríkismennt og leitað samstarfs við fleiri stéttarfélög til að halda endurmenntunarnámskeið, helst árlega.

Helstu tillögur að efni endurmenntunarnámskeiða eru:

- Mannleg samskipti. Almennt um samskipti fólks. Erfiðar aðstæður, árekstrar og reitt fólk. Sjálfsvörn. Sjálfsskoðun – hvernig bregðast landverðir við samskiptum? (6-8 klst.).
- Náttúrutúlkun. Verklegar æfingar og tækni. Undirbúningur og öflun efnistaka. Að túlka sérstöðu Íslands og sérstök þjálfun í að túlka jarðfræði (16 klst.).
- Stjórnsýsla, lög og reglur, alþjóðasamstarf og verndaráætlanir. Viðbrögð og ferlar við brotum, þ.m.t. utanvegaakstri (4-6 klst.).
- Öryggismál; boðleiðir, samskipti og forvarnir. Skyndihjálparnámskeið og fyrsta hjálp (6-8 klst.).
- Náttúruvernd, saga og hugmyndafræði (4-6 klst.).
- Mannauðs- og verkefnastjórnun fyrir yfirmenn og yfirlandverði. Verkstjórn, hvetjandi stjórnun, hrós, uppbyggileg gagnrýni, að taka gagnrýni og upplýsingaflæði (4-6 klst.).
- Göngustígagerð (16 klst.).
- GPS, fjarskiptatæki og annar öryggisbúnaður (4 klst.).

Lagt er til að á hverju ári verði tekin fyrir 1-3 af ofangreindum efnispáttum sem rúlli milli ára. Samhliða verði þörfin á aukinni endurmenntun metin og nýir þættir teknir inn ef þurfa þykir.